



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

Hvatning forseta Íslands til ungra Íslendinga afhent ungmennum í Eyjafjarðarsveit

Í opinberri heimsókn forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar til Eyjafjarðarsveitar 13. apríl 2005 hlutu 11 ungmenni „Hvatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga.“ Hvatningin var afhent á fjölskylduhátíð í íþróttahúsi Hrafnagilsskóla. Þau sem hlutu hvatningu eru:

1. **Axel Ingi Árnason, 15 ára, Ásum.** Hann hefur sýnt mikla hæfileika sem laga- og textasmíður og hefur samið verk sem flutt hafa verið í skólanum, stundar auk þess myndlist með góðum árangri.
2. **Caitlin O'Brien, 11 ára, Skógarseli.** Síðan hún kom til Íslands frá Bretlandi hefur hún náð góðum tókum á íslensku og aðlagast vel íslensku samfélagi, auk þess sem hún er virkur þátttakandi í íþróttum.
3. **Ebba Karen Garðarsdóttir, 11 ára, Garði.** Hún er framúrskarandi íþróttakona og var m.a. valin íþróttamaður UMSE árið 2003 og í úrvalshóp Frjálsíþróttasambands Íslands. Hún hefur auk þess sýnt góðan árangur í námi og þverflautuleik.
4. **Frans Veigar Garðarsson, 15 ára, Stokkahlöðum.** Hann hefur sýnt mikla kunnáttu í tölvum og tónlist, stundar knattspyrnu af metnaði og hefur náð góðum árangri í námi, er hæfileikríkur ungur maður.
5. **Freyr Brynjarsson, 12 ára, Hólsgerði.** Hann hefur góða listræna hæfileika, stundar nám í trommuleik og hefur látið að sér kveða í söng og leiklist, er ávallt kurteis og sýnir öllum virðingu með jákvæðu viðhorfi.
6. **Jóhann Axel Ingólfsson, 14 ára, Uppsölum.** Hann er fjölhæfur í leiklist og hefur bæði leikið með Freyvangsleikhúsinu og Leikfélagi Akureyrar. Einnig stundar hann píanóleik og hefur sýnt góðan námsárangur.
7. **Katrín Þöll Ingólfssdóttir, 12 ára, Uppsölum.** Hún hefur stundað júdó af kappi og náð góðum árangri í þeirri grein, stundar nám í þverflautuleik og hefur sýnt einbeiti og góðan vilja á fleiri sviðum.

8. **Kristján Godsk Rögnvaldsson, 14 ára**, Björk. Hann hefur sýnt framúrskarandi árangur í trompetleik og í öðrum námsgreinum, er ávallt reiðubúinn að leggja á sig ómælda vinnu til að ná markmiðum sínum.
9. **Linda Brá Sveinsdóttir, 14 ára**, Vatnsenda. Hún er ávallt reiðubúin að taka að sér verkefni í félagslífi nemenda, hefur jákvætt lífsviðhorf og náð góðum árangri í tónlist og öðrum greinum.
10. **Skarphéðinn Páll Ragnarsson, 15 ára**, Hóli. Hann er mikill hestamaður, hefur keppt í hestaíþróttum og stundað tanningar með góðum árangri. Hann hefur einnig beitt sér á fleiri sviðum, m.a. sýnt góðar framfarir í tónlist.

11. apríl 2005.

Gunnar Vigfússon ljósmyndari tók myndir af afhendingunni. Sími 894 4404